



Hljóðbókasafn Íslands



Starfsskýrsla 2019

<b>Efnisyfirlit</b>	
Hlutverk og markmið _____	3
Almennt um árið 2019 _____	4
Stefnumótun 2020-2022 _____	4
Innra starf _____	3
HBS-app og vefspilari _____	3
Persónuverndarstefna _____	3
Græn skref í ríkisrekstri _____	4
Innlent samstarf _____	5
Blindrafélagið _____	5
Menntavísindasvið HÍ _____	5
Hringsjá _____	6
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda _____	6
Sérkennarar og námsráðgjafar _____	6
Norrænt samstarf _____	6
Nordic IT Forum og aðrir tæknihópar á Norðurlöndum _____	7
User Service Group _____	7
Millisafnalán á Norðurlöndum _____	8
NIPI _____	8
Marrakesh _____	8
Lykiltölur 2019 _____	9
Tegund útlána 2016-2019 _____	9
Lánþegar _____	11
Almennar upplýsingar _____	14
Lesarar 2019 _____	15
Framleiddar bækur á Hljóðbókasafni Íslands 2019 _____	17

## Hlutverk og markmið

---

*„Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er að sjá þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun á fjölbreyttu safnefni, þar á meðal námsgögnum, í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda.“*

(4. kafli Bókasafnalaga nr. 150/2012)

Hlutverki sínu þjónar Hljóðbókasafn Íslands með stuðningi undanþágu í 19. grein Höfundalaga, nr. 73/1972, þar sem segir: *„Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausu, lestrarhamlaða eða aðra þá sem vegna fötlunar eiga erfitt með að lesa prentað mál.“*

Safnið starfar enn fremur samkvæmt samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis f.h. Blindrabókasafns Íslands og Rithöfundasambands Íslands frá árinu 2009 um eintakagerð og dreifingu efnis til blindra, sjónskertra og lestrarhamlaðra byggðum á 19. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og kveður samningur á um bætur til höfunda vegna dreifingarinnar, ásamt eingreiðslu til Rithöfundasambands Íslands.

Markmið og stefna Hljóðbókasafns Íslands er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir þá sem ekki geta lesið prentað mál. Verkefni safnsins er að efla stöðugt og bæta þjónustu við prentleturshamlaða einstaklinga á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á að gera prentleturshömluðum nemendum kleift að nálgast námsefni til jafns við aðra.

Hljóðbókasafn Íslands leitast við að gera æ meira efni aðgengilegt á hljóðformi með ári hverju og að nýta þá fjármuni sem stofnuninni er úthlutað sem allra mest í framleiðslu aðgengilegs efnis og þjónustu við lánþega, en halda yfirbyggingu í lágmarki.

Markmið Hljóðbókasafns Íslands eru í sífelldri endurskoðun til samræmis við öra þróun og framfarir í tækni og eins breytingum í aðgengisviðmiðum í heiminum.



## Almennt um árið 2019

---

Þóra Sigríður Ingólfssdóttir hætti sem farsæll forstöðumaður Hljóðbókasafnsins 1. febrúar þegar hún tók við starfi sem forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands. Í framhaldi af þessum breytingum setti Mennta- og menningarmálaráðuneytið í gang athugun á því hvort skynsamlegt væri að innlima þjónustu safnsins í starfsemi Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Niðurstaða skyldi liggja fyrir ekki seinna en 1. nóvember 2019 og var Einar Hrafnsson settur forstöðumaður meðan á þessari skoðun skyldi standa. Skemmst er að segja frá því að niðurstaða ráðuneytisins var sú að þjónusta safnsins væri best tryggð með því að safnið væri áfram sjálfstæð stofnun og starf forstöðumanns var auglýst í nóvember. Safnið fagnar þessari niðurstöðu en áhrif af óvissunni um framtíð stofnunarinnar urðu auðvitað allnokkur.

Vert er að geta þess að tveir fyrrverandi forstöðumenn safnsins, þær Helga Ólafsdóttir og Þóra Sigríður Ingólfssdóttir hlutu Gulllampa Blindrafélagsins fyrir störf sín og safnið sjálft Samfélagslampann fyrir aðkomu sína að aðgengismálum blindra og sjónskertra.

## Stefnumótun 2020-2022

---

Í lok ársins var unnin stefnumótun fyrir árin 2020-2022  
Stefnumótunin byggist á 6 meginmarkmiðum:

1. Að auka framleiðslu efnis og efla fjölbreytni í útgáfu efnis og þátttöku í samfélaginu.
2. Bæta verulega aðgengi að safninu.
3. Auka sýnileika Hljóðbókasafns og auka meðvitund um aukið aðgengi og þjónustu sér í lagi í menntakerfinu.
4. Efla vinnustaðinn, fagleg efling starfskrafta og aukin starfsánægja.
5. Heilbrigt umhverfi í takt við græn skref í ríkisrekstri.
6. Hljóðbókasafnið standi jafnfætis Norðurlöndum í þekkingu og þjónustu.

Þessi verkefni byggja á vinnu og stefnumótun síðustu ára og þeirri framtíðarsýn að aðgengi að upplýsingum sé lykilatriði í lýðræðis- og mannréttindaþróun.

## Innra starf

---

Innra starf mótaðist nokkuð af óvissri framtíð og skipulagi starfsins.

Fram yfir miðjan ágúst var óvíst um hvort safnið yrði fært inn í starfsemi Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Þá var höggvið á hnútinn og ákveðið að safnið skyldi áfram vera sjálfstæð stofnun eins og í nágrannalöndum okkar.

Gerðar voru breytingar í starfsemi útlánadeildar. Þar var lögð niður ein staða og gerð tilraun með að endurskipuleggja þjónustutíma og -fyrirkomulag. Útkoma tilraunarinnar er ekki eingöngu jákvæð og skoðað verður hvernig styrkja má þjónustu útlánadeildar til framtíðar.

Tímabundið var ráðinn starfsmaður í þessa þjónustu sem létti mikið undir.

Starfsmaður var ráðinn í framleiðsludeild með sérþekkingu á gerð rafbóka og upplýsingatæknimálum. Þetta er liður í að nútímavæða framleiðslu og þekkingargrunn stofnunarinnar.

## HBS-app og vefspilari

Safnið notar app (smáforrit) frá NOTA sem er systurstofnun í Danmörku. Ákveðið var að kaupa einnig vefspilara af sama aðila sem opnar nýja möguleika fyrir lánþega til að nýta sér bækur á fjölbreyttari hátt, sérstaklega þegar kemur að lestri bók með texta og myndum.

Langflestir lánþegar nota appið í dag. Ýmis tæknileg vandræði í rekstri þess komu upp og þjónustur bæði hjá hýsingaraðila og þeim aðilum sem reka appið brugðust. Mikil vinna fór í að endurskipuleggja allt rekstrar- og þjónustuumhverfi í kringum það.

Þetta hafði þó nokkur áhrif á þjónustuna við lánþega og jók mjög álag á starfsfólk. Verður vinnu við endurskipulagningu haldið áfram á árinu 2020 með því markmiði að fá betri þjónustu og meiri uppitíma á þjónustunni.

Starfsmenn HBS hafa tekið á sig meiri ábyrgð og verkefni tengd útgáfu og umsýslu apps og vefspilara og eru í meiri og betri samskiptum við þjónustuaðila en áður hefur verið og samskipti almennt á milli þeirra fyrirtækja sem safnið kaupir tæknilausnir af hafa verið bætt og endurskoðuð.

## Persónuverndarstefna

Hljóðbókasafn Íslands hefur sett sér persónuverndarstefnu. Stefnuna má finna í

gæðahandbók safnsins og jafnframt er hún birt á heimasíðu safnsins. Markmið

persónuverndarstefnu er að vernda persónuupplýsingar einstaklinga og virða rétt þeirra. Í

persónuverndarstefnunni kemur fram í hvaða tilgangi persónuupplýsingum er safnað, hvernig farið er með þær upplýsingar og hversu lengi þær eru varðveittar. Allar upplýsingar um einstaklinga, hvort sem þær koma frá þeim sjálfum, opinberum aðilum eða yfirvöldum eru meðhöndlaðar samkvæmt lögum 2018/90 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

## Græn skref í ríkisrekstri



Hljóðbókasafn Íslands hóf þátttöku í verkefninu „Græn skref í ríkisrekstri“ árið 2017 en verkefnið snýst um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Safnið er þakklátt fyrir þetta tækifæri. Vegna skipulagsbreytinga var 5. skrefið ekki stigið á árinu en vonandi verður það

tekið sem fyrst.



## Eigendur höfundarréttar

Safnið leggur áherslu á góð samskipti við eigendur höfundarréttar þess efnis sem safnið dreifir til lánþega og þakkar Rithöfundasambandinu góð samskipti á árinu.

Safnið skoraði á Mennta- og menningarmálaráðuneytið að hefja að nýju samræður við Rithöfundasambandið um endurskoðun greiðslufyrirkomulags til þessa hóps.

## Útgefendur

Safnið ákvað að auka og bæta samskipti við útgefendur og var farið í nokkrar heimsóknir til að kynna sjónarmið safnsins og þjónustu þess og heyra viðhorf útgefenda. Þetta starf mun halda áfram með það markmið að auka skilning og bæta samskipti.

## Samstarf um íslenska máltækni

Hljóðbókasafn lagði drög að því að verða virkur þáttakandi í SÍM-samstarfinu. Í febrúar 2020 raungerðist það, sem skiptir miklu máli, því máltæknilausnir munu verða sífellt mikilvægari í þjónustu og framleiðslu safnsins.

## Innlent samstarf

---

### Blindrafélagið

Hljóðbókasafnið á í prýðilegu samstarfi við Blindrafélagið. T.a.m. um Vefvarp og talgervil.

Tveir fyrrverandi forstöðumenn safnsins, þær Helga Ólafsdóttir og Þóra Sigríður

Ingólfsdóttir hlutu Gulllampa félagsins fyrir störf sín og safnið sjálft Samfélagslampann fyrir aðkomu sína að aðgengismálum blindra og sjónskertra.

### Menntavísindasvið HÍ

Hljóðbókasafn Íslands leggur sig í líma við að eiga gott samstarf við þá sem koma að málefnum blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað mál. Sú regla er komin á að fulltrúi safnsins fer tvisvar á ári á Menntavísindasvið Háskóla Íslands og heldur fyrirlestur um starfsemi safnsins fyrir nýnema í kennarafræðum til að tryggja að sem flestir kennarar þekki safnið frá upphafi. Þóra Sigríður Ingólfsdóttir og Hafþór Ragnarsson hafa séð um þessar kynningar frá upphafi.

## Hringsjá

Reglulega er kallað eftir því að Hljóðbókasafnið komi með kynningar inn í tíma hjá Hringsjá – náms og starfsendurhæfingu. Þar kemst safnið í samband við marga nemendur sem hafa fallið frá námi en eru að taka upp þráðinn að nýju. Þessi nemendur eiga margir hverjir við einhvers konar prentleturshömlun að stríða og eru þeir yfirleitt mjög áhugasamir um safnið.

## Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda

Stofnanirnar hittust í febrúar 2019 og héldu áfram að bollaleggja um samstarf sitt og hvernig megi bæta í sameiningu þjónustu við þann hóp sem þeim er ætlað að þjóna. Meðal þess sem stofnanirnar eru að skoða er hvort hægt sé að koma upp gagnagrunni fyrir allar bækur sem eru á rafrænu formi og komast hjá því að tvítaka þá vinnu að biðja um handrit frá útgefendum eða skera bækur í sundur og skanna. Jafnframt gæti verið gott að vinna í sameiningu fyrir nemendur sem stunda nám í menntaskólum og háskólum um hvað hentar hverjum og einum, hverju sinni.

## Sérkennarar og námsráðgjafar

Sérkennarar og námsráðgjafar eru duglegir að setja sig í samband við Hljóðbókasafn Íslands í þágu skjólstæðinga sinna. Alfreð Halldórsson, sem sérhæfir sig í að framleiða námsbækur með texta, hefur talað við námsstjóra, sérkennara og námsráðgjafa hinna ýmsu skóla og vinnur að því að setja sig í æ betra samband við þennan hóp. Mikilvægt er fyrir nemendur framhaldsskóla að Hljóðbókasafnið viti snemma hvað standi til að kenna í framtíðinni þar sem það tekur tíma að framleiða bækur á aðgengilegu formi. Því flóknari sem bókin er, því meiri vinna er að búa hana til sem texta- og talbók fyrir prentleturshamlaða.

## Norrænt samstarf

---

Norrænt samstarf er ein grunnstoð þjónustu Hljóðbókasafns Íslands.

Forstöðumenn systurstofnanna á Norðurlöndum hittast tvisvar á ári á samráðsfundum sem skila margvíslegum ávinningi. Ísland tekur þátt í flestum samnorrænum verkefnum, nema þeim sem snúa ekki beint að starfseminni lengur, eins og verkefnum um Braille punktaletur.



Auk óvissu hér á landi hafa miklar breytingar gengið yfir bæði í Danmörku og Svíþjóð sem hafa haft hamlandi áhrif á samstarfið en nú er starfsemin að færast í eðlilegt form. Þetta þýðir að samstarf verður enn öflugra á næstu árum.

Helstu samstarfsverkefni norrænu safnanna eru þessi:

#### [Nordic IT Forum og aðrir tæknihópar á Norðurlöndum](#)

Samstarfshópurinn er samsettur af tæknimönnum safnanna og fjallar um nýjungar í tækni og þróun innan safnanna. Alfreð Halldórsson og Gunnar Grímsson sitja í hópnum fyrir hönd Hljóðbókasafns Íslands. Þessi hópur hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári þar sem farið er yfir tæknimál og nýjungar, skipst á þekkingu og stilltir saman strengir. Tveir aðrir formlegir hópar sem snúa að tæknimálum eru einnig starfandi, STEM Group sem snýr m.a. að birtingu stærðfræðiformúla í aðgengilegum bókum og Procurement Group sem samhæfir útboð og annað sem tengist bókum sem unnar eru á Indlandi. Einnig er töluvert um óformlegri samskipti sem snúa að tæknilegum málum. Þessir hópar nýta mikið fjarfundi og safnið leggur áherslu á að nýta þær ferðir sem farnar eru til hins ýtrasta.

#### [User Service Group](#)

Þessi hópur stendur saman af starfsmönnum sem vinna við þjónustu og afgreiðslu lánþega á söfnum Norðurlandanna. Hópurinn ræðir ýmis mál sem snúa að þjónustu og breytingum á umhverfi og veruleika starfsmanna og lánþega í tækniheimi. Sigrún Pétursdóttir og Hulda Pétursdóttir sækja fundi fyrir Íslands hönd. Í þessum hópi voru einungis fjarfundir á árinu.

## Millisafnalán á Norðurlöndum

Norðurlöndin lána bækur sín á milli samkvæmt sérstökum samningi og hefur þjónusta safnsins notið verulega góðs af þessu samstarfi, ekki síst námsmenn.

### NIPI

NIPI (Nordic Inclusive Publishing Initiative) er samstarfsverkefni systurstofnana Norðurlandanna fimm sem miðar að því fræða útgefendur og aðra sem koma að bókaútgáfu um þær miklu og spennandi breytingar sem eru framundan með nýrri Evróputilskipun og Marrakesh sáttmálanum.

Þessar breytingar munu hafa mikil áhrif á störf safnanna þar sem þeim fylgir krafa um betri og öflugri þjónustu, fyrst og fremst við lánþega en einnig stefnir safnið á að aðstoða útgefendur við að mæta nýjum heimi í bókaútgáfu þar sem allar útgefnar bækur munu þurfa að vera aðgengilegar, þ.e. að öllum hljóðbókum mun þurfa að fylgja samtengdur texti.

Safnið hefur tekið virkan og öflugan þátt í þessu samstarfi og hefur Gunnar Grímsson leitt þá vinnu fyrir hönd safnsins. Stærsta verkefnið hefur verið að skipuleggja og undirbúa ráðstefnuna Include! sem halda átti í Malmö í mars 2020 en henni hefur verið frestað til haustsins sökum kórónuveirunnar.

### Marrakesh

Hljóðbókasafn Íslands, Menntamálastofnun og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð skoruðu á íslensk stjórnvöld að undirrita og fullgilda Marrakesh sáttmálann um aðgengi blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra að höfundarréttarvörðu efni. Sáttmálinn setur skýrar reglur um meðferð höfundarréttarmála og gerir kleift að skiptast á efni milli landa. Hann er því afar mikilvægur til að bæta aðgengi blindra, sjónskerta og annarra prentleturshamlaðra að les- og prentefni. Um 75 þjóðir hafa fullgilt Marrakesh sáttmálann, þar á meðal öll Evrópusambandslöndin.

## Lykiltölur 2019

Framleiðsla á Hljóðbókasafni: 375 hljóðbækur

Efni eftir íslenska höfunda 214 , þar af barna- og unglingabækur 40

Þýddar bækur 161, þar af barna- og unglingabækur 51

Námsbækur 14

Keypt á markaði 19

Frá MTM, Svíþjóð 48, þar af námsbækur 24

Frá NLB, Noregi 36, þar af námsbækur 5


Frá Celia, Finnlandi, 1 námsbók


Samtals bækur: 465

þar af námsbækur 50

þar af barna- og unglingabækur 91

## Tegund útlána 2016-2019






Streymi tekur í sívaxandi mæli yfir önnur útlánaform, eða útlán á geisladiskum og með niðurhali. Ástæða þessa er æ betra aðgengi í gegnum streymi, nú síðast í gegnum nýtt HBS-app sem sett var á stofn 2018 og hefur notið vinsælda hjá lánþegum. Þó ber að taka tölum um streymi árið 2018 með fyrirvara því appið var mikið í prófunum og er líklegt að streymistölur séu ívið hærri en raunhlustun. Þó er ljóst að streymið mun halda áfram að vaxa og er það mjög ánægjulegt og hagkvæmt hvað varðar kostnað og höfundaréttarvarnir.


## Lánþegar

Virkir lánþegar voru í lok árs 2019 samtals 14.080 og skiptast þannig út frá þjónustuástæðu:





Nýir lánþegar voru 2149 og skiptast þannig út frá þjónustuástæðu:





Aldur virkra lánþega skiptist þannig:



## Almennar upplýsingar

---

Hljóðbókasafn Íslands

Digranesvegi 5

200 Kópavogi

Sími: 5454900

Sími: 5454900 Fax: 5454906

Heimasíða: <http://www.hljodbokasafn.is>

Facebook síða: <https://www.facebook.com/HljodbokasafnIslands?fref=ts>

### **Starfsfólk:**

Forstöðumaður: Marín Guðrún Hrafnisdóttir – [marin.g.hrafnisdottir@hbs.is](mailto:marin.g.hrafnisdottir@hbs.is)

### **Útlánadeild:**

Hulda Pétursdóttir, deildarstjóri – [hulda.petursdottir@hbs.is](mailto:hulda.petursdottir@hbs.is)

Sigrún Pétursdóttir, bókaþráður – [sigrun.petursdottir@hbs.is](mailto:sigrun.petursdottir@hbs.is)

### **Framleiðsludeild:**

Einar Hrafnsson, deildarstjóri – [einar.hrafnsson@hbs.is](mailto:einar.hrafnsson@hbs.is)

Hafþór Ragnarsson, hljóðver – [hafthor.ragnarsson@hbs.is](mailto:hafthor.ragnarsson@hbs.is)

Alfreð Halldórsson, hljóðbækur með texta (full-text) – [alfred.halldorsson@hbs.is](mailto:alfred.halldorsson@hbs.is)

Gunnar Grímsson, upplýsingatæknistjóri – [gunnar.grimsson@hbs.is](mailto:gunnar.grimsson@hbs.is)

### **Samráðshópur Hljóðbókasafns Íslands skv. lögum nr. 150/2012:**

Kristinn Halldór Einarsson, formaður – Blindrafélagið

Sigrún Huld Auðunsdóttir varaformaður – Félag íslenskra sérkennara

Halldór Sævar Guðbergsson, nefndarmaður – Þjónustu- og þekkingarmiðstöð

Andrea Dan Árnadóttir – Upplýsing

Snævar Ívarsson, nefndarmaður – Félag lesblindra á Íslandi

Arnheiður Björnsdóttir, varamaður – Félag íslenskra sérkennara

Ásdís Þórðardóttir, varamaður

Helgi Sigurbjörnsson, varamaður

Jónína Rós Guðmundsdóttir, varamaður



## Lesarar 2019

Arndís Þórarinsdóttir	Karl Ágúst Úlfsson
Auður Ava Ólafsdóttir	Karl Emil Gunnarsson
Auður Styrkársgdóttir	Kolbeinn Óttarsson Proppé
Ásdís Jóelsdóttir	Margrét E. Kaaber
Ásdís Thoroddsen	Margrét Örnólfsgdóttir
Benný Sif Ísleifsgdóttir	María Lovía Guðjónsgdóttir
Björn Stefánsson	Oddný Eir Ævarsdóttir
Bryndís Jónatansdóttir	Olga Guðrún Árnadótti
Böðvar Leós	Pétur Ásgeirsson
Einar Kárason	Pétur Eggerz
Einar Örn Stefánsson	Pétur Gunnarsson
Elín Gunnarsdóttir	Ragnar Helgi Ólafsson
Eva Kamilla Einarsdóttir	Ragnar Ísleifur Bragason
Friðrik Gígja	Sigga Dögg Arnardóttir
Fríða Ísberg	Sigríður Arnardóttir (Sirrý)
Gerður Kristný	Sigurður H. Pálsson
Gígja Árnadóttir	Sigurður Skúlason
Gríma Kristjánsdóttir	Sigurlaug Gunnarsdóttir
Guðbjörg Ása Jónsgd Huldud	Sigurlína Davíðsgdóttir
Guðmundur Brynjólfsson	Silja Aðalsteinsdóttir
Guðrún Jarþrúður Baldvinsdóttir	Soffía Bjarnadóttir
Gunnar Stefánsson	Sólveig Hauksdóttir
Hafþór Ragnarsson	Stefán Jónsson
Hanna María Karlsdóttir	Sunna Björk Þórarinsdóttir
Hannes Óli Ágústsson	Súsanna Margrét Gestsgdóttir
Helga Elínborg Jónsgdóttir	Svavar Jónatansson
Hildur Jensdóttir	Sæunn Kjartansdóttir
Hjálmar Hjálmarsson	Vala Þórsdóttir
Hjörtur Pálsson	Viðar Eggertsson
Ingunn Ásdísardóttir	Vilborg Yrsa Sigurðardóttir
Ísak Hilmarsson	Þorleifur Hauksson

Jakob S. Jónsson	Þórey Sigþórsdóttir
Jón Björnsson	Þórunn Hjartardóttir
Jón St. Kristjánsson	

## Framleiddar bækur á Hljóðbókasafni Íslands 2019

Titill	Höfundur	Þýðandi
Þögn	Yrsa Sigurðardóttir	
Brot : konur sem þorðu	Dóra S. Bjarnason	
Hunangsveiði	Soffía Bjarnadóttir	
Nærbuxnanjósnaarnir	Arndís Þórarinsdóttir	
Saknað : íslensk mannhvörf	Bjarki H. Hall	
Heimskaut	Gerður Kristný	
Fjallaverksmiðja Íslands	Kristín Helga Gunnarsdóttir	
Svanafólkið	Kristín Ómarsdóttir	
Prettán	Friðrik Erlingsson	
Sara Björk : óstöðvandi	Magnús Örn Helgason	
Þór fer í sumarþúðir	Ingrid Örk Kjartansdóttir	
Ungfrú fótbolti	Brynhildur Þórarinsdóttir	
Bréf til mömmu	Mikael Torfason	
HKL : ástarsaga	Pétur Gunnarsson	
Delluferðin	Sigrún Pálsdóttir	
Lítið óvísindalegt leikhúskver : huganir, fróðleikur og minningaleiftur	Sveinn Einarsson	
Villueyjar	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	
Með sigg á sálinni : Saga Friðriks Þórs Friðrikssonar	Einar Kárason	
Innflytjandinn	Ólafur Jóhann Ólafsson	
Helköld sól	Lilja Sigurðardóttir	
Svínshöfuð	Bergþóra Snæbjörnsdóttir	
Nornin	Hildur Knútsdóttir	
Í skugga baráttunnar	Diljá Hvannberg	
Draumþjófurinn	Gunnar Helgason	
Aðventa	Stefán Máni	
Álfarannsóknin	Benný Sif Ísleifsdóttir	
Helga saga : Íslendingasaga úr gráa veruleikanum	Auður Styrkársdóttir	
Stúfur hættir að vera jólasveinn	Eva Rún Þorgeirsdóttir	
Stöngin út : ævintýralegt líf Halldórs Einarssonar í Henson	Magnús Guðmundsson	

Sólarhringl : og suðið í okkur	Huldar Breiðfjörð	
Tilfinningabyltingin	Auður Jónsdóttir	
Draumur um Ljósaland, 2	Þórunn Elfa Magnúsdóttir	
Systa : bernskunnar vegna	Vigdís Grímsdóttir	
Þeir vöktu yfir ljósinu : saga karla í ljósmóðurstörfum	Erla Dóris Halldórsdóttir	
Íslenskar þjóðsögur : úrval		
Orri óstöðvandi : Hefnd glæponanna	Bjarni Fritzon	
Hvíti dauði	Ragnar Jónasson	
Hann hefur engu gleymt nema textunum! : gamansögur úr íslenska tónlistarheiminum	Guðjón Ingi Eiríksson	
Fjötrar	Sólveig Pálsdóttir	
Sögur úr Helgafellssveit og nágrenni	Hanna Jónsdóttir	
Friðbergur forseti	Árni Árnason (1975)	
Boðorðin	Óskar Guðmundsson (1965)	
Selta : [apókrýfa úr ævi landlæknis]	Sölvi Björn Sigurðsson	
Höll minninganna	Ólafur Jóhann Ólafsson	
Aðferðir til að lifa af	Guðrún Eva Mínervudóttir	
Til í að vera til	Þórarinn Eldjárn	
Ekkert að fela: á slóð Samherja í Afríku	Helgi Seljan	
Tröllastrákurinn	Sigríður Arnardóttir (Sirrý)	
Um tímann og vatnið	Andri Snær Magnason	
Indriði Indriðason : Merkasti íslenski miðillinn	Erlendur Haraldsson	
Sagan af því hvers vegna jólasveinarnir hættu að vera vondir	Kristín Heimisdóttir	
Rosalingarnir	Kristjana Friðbjörnsdóttir	
Stelpur sem ljúga	Eva Björg Ægisdóttir	
Útkall : Tifandi tímasprengja	Óttar Sveinsson	
Dýrbítar	Óskar Magnússon	

Halaveðrið mikla : Mannskæðar hamfarir til sjávar og sveita	Steinar J. Lúðvíksson	
Kopareggið	Sigrún Eldjárn	
Kokkáll	Dóri DNA	
Íslandsstræti í Jerúsalem	Hjálmtyr Heiðdal	
Ys og þys út af ... ÖLLU!	Hjalti Halldórsson	
Vetrargulrætur	Ragna Sigurðardóttir	
Björgvin Páll Gústavsson : án filters	Sölvi Tryggvason	
Einfaldlega Emma	Unnur Lilja Aradóttir	
Kindasögur	Aðalsteinn Eyþórsson	
Byltingarmenn og bóhemar	Ólafur Ormsson	
Rannsóknin á leyndardómum Eyðihússins	Snæbjörn Arngrímsson	
Sjálfstætt fólk : vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld	Vilhelm Vilhelmsson	
Skuggaskip : Sögur	Gyrðir Elíasson	
Skuggasól : minningasaga	Björg Guðrún Gísladóttir	
Leitin að vorinu	Sigrún Elíasdóttir	
Á eigin skinni : betri heilsa og innihaldsríkara líf	Sölvi Tryggvason	
Ég gef þér sólina	Nelson, Jandy	Marta Hlín Magnadóttir
Skógarauðlindin : ræktun, umhirða og nýting	Aðalsteinn Sigurgeirsson	
Morðið á Roger Ackroyd	Christie, Agatha	Óþekktur höfundur
Óstýriláta mamma mín ...og ég	Sæunn Kjartansdóttir	
Flöskuskeytið	Sigríður Dúa Goldsworthy	
Hringfarinn : Einn á hjóli í hnattferð	Kristján Gíslason (1956)	
Hundurinn með hattinn	Guðni Líndal Benediktsson	
Örugg tjáning : betri samskipti	Sigríður Arnardóttir (Sirrý)	
Þar sem skömmin skellur : Skárastaðamál í dómabókum	Anna Dóra Antonsdóttir	
Afbrigði og útúrdúrar : sagnaþættir	Kjartan Sveinsson 1901-1977	
Sláturtíð	Gunnar Theodór Eggertsson	

Lífið er rétt að byrja	Gunnar Baldvinsson	
Sagan mín : æviminningar Sigrúnar Sigurðardóttur frá Möðruvöllum	Sigrún Sigurðardóttir 1929-2019	
Tekjulistinn 2019		
Fleiri Korkusögur	Ásrún Magnúsdóttir	
Sigurfljóð í grænum hveli!	Sigrún Eldjárn	
Nikki Kúr	Guðmundur Óli Sigurgeirsson	
Kvikukantatan	Ingibjörg Elsa Björnsdóttir	
Þórður kakali	Ásgeir Jakobsson	
Korkusögur	Ásrún Magnúsdóttir	
102 sögur úr sögunni	Jón R. Hjálmarsson	
Sara	Árelía Eydís Guðmundsdóttir	
Gagnfræðakver handa háskólanemum	Friðrik H. Jónsson	
Draugaskólinn	Stine, R. L.	Marta Hlín Magnadóttir
Óbyrjur tímans : um afskipti dauðans af ástinni	Guðbrandur Gíslason	
Brúsi	Finnur Torfi Hjörleifsson	
Þjáningarfrelsið : óreiða hugsjóna og hagsmuna í heimi fjölmiðla	Steinunn Stefánsdóttir	
Laðaðu til þín það góða : blómstraðu í einkalífi og starfi	Sigríður Arnardóttir (Sirrý)	
Ósköp venjuleg fjölskylda	Edvardsson, Mattias	
Heilabilun á mannamáli	Hanna Lára Steinsson	
Draugasögur við þjóðveginn	Jón R. Hjálmarsson	
Hefnd	Kári Valtýsson	
Sölvi Helgason : listamaður á hrakningi : heimildasaga	Jón Óskar	
Jarðvegur	Þorsteinn Guðmundsson (1948)	
Kjördóttirin á Bjarnarlæk	Hafsteinn Sigurbjarnarson	
Þegar kona brotnar : og leiðin út í lífið á ný	Sigríður Arnardóttir (Sirrý)	
Átta sár á samviskuni	Karl Ágúst Úlfsson	

Vökukonan í Hólavallagarði	Guðrún Rannveig Stefánsdóttir	
Norrænir guðir í nýju landi : íslensk heiðni og goðsögur	Heimir Pálsson	
Stúdentinn á Akri	Hafsteinn Sigurbjarnarson	
Papa Jazz : Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar	Árni Matthíasson	
Urðarmáni	Ari Jóhannesson	
Boðun Guðmundar	Eiríkur Stephensen	
Wow : Ris og fall flugfélags	Stefán Einar Stefánsson	
Íslenska lopapeysan : uppruni, saga og hönnun	Ásdís Jóelsdóttir	
Einkennilegt fólk	Jón Björnsson (f. 1947)	
Ljóð muna ferð : úrval úr ljóðum Sigurðar Pálssonar	Sigurður Pálsson	
Allir dagar eiga kvöld : ljóðaúrval	Stefán frá Hvítadal	
Á flögri	Ólöf Rún Skúladóttir	
Laggó : gamansögur af íslenskum sjómönnum	Guðjón Ingi Eiríksson	
Morðið í Snorralaus	Stella Blómkvist	
Óvænt endalok : Bernskubrek Ævars vísindamanns	Ævar Þór Benediktsson	
Undrarýmið	Sigurlín Bjarney Gísladóttir	
Bókasafn föður míns : sálumessa (samþiningur)	Ragnar Helgi Ólafsson	
Skömmin : úr vanmætti í sjálfsöryggi	Guðbrandur Árni Ísberg	
Hefndarenglar	Eiríkur P. Jörundsson	
Lífskraftur : fokk ég er með krabbamein	Laila Sæunn Pétursdóttir	
Gríma	Benný Sif Ísleifsdóttir	
Stórar stelpur fá raflost : heim úr svartholi óminnis	Gunnhildur Una Jónsdóttir	
Ó : um þegnrétt tegundanna í íslenskri náttúru	Haukur Már Helgason	
Fræ sem frjóvga myrkrið	Eva Rún Snorradóttir	
Náðu tökum á þunglyndi	Sóley Dröfn Davíðsdóttir	

Barist í Barcelona	Gunnar Helgason	
Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið	Jonasson, Jonas (f. 1961)	Nanna B. Þórsdóttir
Þegar kona brotnar : og leiðin út í lífið á ný	Sigríður Arnardóttir (Sirrý)	
Röskun	Íris Ösp Ingjaldsdóttir	
Hjá grassins rót	Hólmfríður K. Gunnarsdóttir	
Ást í meinum	Bjarni Þorsteinsson 1892-1973 (í Firði)	
Nýr heimur : Ævintýri Esju í borginni	Sverrir Björnsson	
Greið leið til annarra hnatta : með ástundun æðsta yoga	Bhaktivedanta, A.C. 1896-1977	
Undir fána lýðveldisins : endurminningar frá Spánarstyrjöldinni	Hallgrímur Hallgrímsson (1910-1942)	
Dyr opnast	Hermann Stefánsson	
PQ-17 skipalestin : sigling Alberts Sigurðssonar til heljar og heim	Kolbrún Albertsdóttir	
Búvélahagfræði	Bjarni Guðmundsson	
Íslenska lopapeysan : Uppruni, saga og hönnun	Ásdís Jóelsdóttir	
Frelsun heimsins : greinar	Kristín Marja Baldursdóttir	
Lífssporin mín : Endurminningar Erlu Jónsdóttur	Erla Jónsdóttir	
Rennismiði	Þór Pálsson	
Willard Fiske : Vinur Íslands og velgjörðarmaður	Kristín Bragadóttir	
Almenn líffræði	Ólafur Halldórsson	
Í barnsminni : minningaslitur frá bernskuárum	Kristmundur Bjarnason	
Vættir	Alexander Dan Vilhjálmsson	
Allt önnur Ella	Ingólfur Margeirsson	
Hið mystíska X	Jón Hnefill Aðalsteinsson	



Sagan um Skarphéðin Dungal sem setti fram nýjar kenningar um eðli alheimsins	Hjörleifur Hjartarson	
Hippókratesareiðurinn	Hippókrates	
Föðurlaus sonur níu mæðra : og fleiri furður hversdagslegra fyrirbæra	Jón Björnsson (f. 1947)	
Trésmíði í eilífðinni og fleiri sögur	Gyrðir Elíasson	
Erta	Didda	
Heklugjá : Leiðarvísir að eldinum	Ófeigur Sigurðsson	
Jón Gunnarsson : Ævisaga	Jakob F. Ásgeirsson	
Genginn ævivegur - Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu	Gunnar Sæmundsson	
Hvað er á bak við vegginn? : um samskipti álfa og huldufólks við mannabörn : ævintýrabók 2	Gígja Árnadóttir	
Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið		
Hvað er á bak við vegginn? : um samskipti álfa og huldufólks við mannabörn : ævintýrabók 1	Gígja Árnadóttir	
Hvar endar veruleikinn? - Dulrænar frásagnir	Jóhanna Á. Steingrímsdóttir	
Fjórtá bók	Þórbergur Þórðarson	
Tabú : Hörður Torfa - ævisaga	Ævar Örn Jósepsson	
Keisaramörgæsir	Þórdís Helgadóttir	
Rotturnar	Ragnheiður Eyjólfadóttir	
Dauðinn í opna salnum	Guðrún Guðlaugsdóttir	
Kópavogskrónika	Kamilla Einarsdóttir	
Kvika	Þóra Hjörleifsdóttir	
Maðurinn á svölunum	Sjöwall, Maj	Práinn Bertelsson
Barnið sem hrópaði í hljóði	Jónína Leósdóttir	
Kópur, Mjási, Birna og ég	Páll Benediktsson	
Ástarsaga Íslendinga að fornu	Gunnar Karlsson	

Ástin Texas	Guðrún Eva Mínervudóttir	
Skjaldbökur alla leiðina niður	Green, John	Birgitta Elín Hassel
Í Gullhreppum	Bjarni Harðarson	
Grannmeti og átvextir	Þórarinn Eldjárn	
Pankar við slaghörpuna	Jónas Ingimundarson	
Fyrir kvölddýrum	Hannes Pétursson	
Katrínarsaga	Halldóra Thoroddsen	
Auðna	Anna Ragna Fossberg	
Stekk	Sigurbjörg Prastardóttir	
Ljónið	Hildur Knútsdóttir	
Manneskjusaga	Steinunn Ásmundsdóttir	
Krossgötur : Álfatrú, álfabyggðir og bannhelgi á Íslandi	Bryndís Björgvinsdóttir (f. 1982)	
Ég hef séð svona áður	Friðgeir Einarsson	
Þjóðhöfðingjar Íslands : frá upphafi til okkar daga	Vera Illugadóttir	
Haustaugu	Hannes Pétursson	
Föruneysi Signýjar	Jón Axel Egilsson	
Læknishúsið	Bjarni M. Bjarnason	
Hnignun, hvaða hnignun? : Goðsögnin um niðurlægingartímabilið í sögu Íslands	Axel Kristinsson	
Hvítabirnir á Íslandi	Rósa Rut Þórisdóttir	
Söguvefurinn	Katrín Ólafsdóttir	
Klái	Fríða Ísberg	
Fæðingarborgin	Oddný Eir Ævarsdóttir	
Þrautgóðir á raunastund : 1950-1975	Steinar J. Lúðvíksson	
Lukka og hugmyndavélin : Hætta í háloftunum	Eva Rún Þorgeirsdóttir	
Hans Blær	Eiríkur Örn Norðdahl	
Steindi í orlofi	Steinþór Hróar Steinþórsson	
Ekki misskilja mig vitlaust! : mismæli og ambögur	Guðjón Ingi Eiríksson	
Að eilífu ástin	Fríða B. Andersen	

Pitt eigið tímaferðalag	Ævar Þór Benediktsson	
Níu líf	Sigmundur Ernir Rúnarsson	
KynVera	Sigríður Dögg Arnardóttir	
Bieber og Botnrassa í Bretlandi	Haraldur F. Gíslason	
Ungfrú Ísland	Auður Ava Ólafsdóttir	
Á norðurslóð : ferðasaga frá Grænlandi	Pétur Ásgeirsson	
Nornasveimur	Emil Hjörvar Petersen	
Draumurinn	Hjalti Halldórsson	
Svikarinn	Lilja Magnúsdóttir	
Verðandi	Obama, Michelle	Katrín Harðardóttir
Stalín : Ævi og aldurtili - Seinni hluti	Radzinskij, Edvard	Haukur Jóhannsson
Stalín : Ævi og aldurtili - Fyrri hluti	Radzinskij, Edvard	Haukur Jóhannsson
Útburðurinn	Larsson, Ása	Sigurður Þór Salvarsson
Bold-fjölskyldan kemur til hjálpar	Clary, Julian	Magnús Jökull Sigurjónsson
Tvistur og basta	Dahl, Roald	Sólveig Sif Hreiðarsdóttir
Dauðinn er barningur	Khalifah, Khaled	Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Það er fylgst með þér	Clark, Mary Higgins	Snjólaug Bragadóttir
Dulmálsmeistarinn	Peers, Bobbie	Ingunn Snædal
Þú og ég, alltaf	Mansell, Jill	Snjólaug Bragadóttir
Snjósystirin : jólasaga	Lunde, Maja	Silja Aðalsteinsdóttir
Rummungur 3	Preussler, Otfried	Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Endurfundirnir	Sten, Viveca	Elín Guðmundsdóttir
Kurt Cobain : Ævisaga	Cross, Charles R.	Helgi Már Barðason
Jólasysturnar	Morgan, Sara	Herdís Magnea Hübner
Skelfir skelfir fer á flug	Simon, Francesca	Guðni Kolbeinsson
Feilspor	Adolfsson, Maria	Ísak Harðarson
Kiddi klaufi : Randver kjaftar frá : besti vinur Kidda skrifar eigin dagbók	Kinney, Jeff	Helgi Jónsson
Vélar eins og ég : og fólk eins og þið	McEwan, Ian	Árni Óskarsson

Norður	Hübbe, Camilla	Hallur Þór Halldórsson
Gauksins gal	Galbraith, Robert	Uggi Jónsson
Lestarráðgátan	Widmark, Martin	Íris Baldursdóttir
Stílæfingar	Queneau, Raymond	Rut Ingólfssdóttir
Minningar múmínþabba	Jansson, Tove	Þórdís Gísladóttir
Villinorn : Hefnd Kímeru	Kaaberbøl, Lene	Jón St. Kristjánsson
Sál í hlekkjum	Sandemo, Margit	Snjólaug Bragadóttir
Annabelle	Bengtsson, Lina	Brynja Cortes Andrésdóttir
Kalli breytist í kjúkling	Copeland, Sam	Guðni Kolbeinsson
Slæmur pabbi	Walliams, David	Guðni Kolbeinsson
Mótíf X	Ahnhem, Stefan	Elín Guðmundsdóttir
Gulli gullfiskur	O'Hara, Mo	Helgi Jónsson
Blóðbönd	Roslund, Anders	Sigurður Þór Salvarsson
Qaanaaq	Malø, Mo	Friðrik Rafnsson
Kepler62 : fimmta bók : Veiran	Parvela, Timo	Erla E. Völudóttir
Verstu börn í heimi 3	Walliams, David	Guðni Kolbeinsson
Ósýnilega barnið og aðrar sögur	Jansson, Tove	Guðrún Jarþrúður Baldvinsdóttir
Töfrað tvisvar	Cowell, Cressida	Jón St. Kristjánsson
Ummyndanir : Metamorphoses	Ovidius Naso, Publius	Kristján Árnason
The wasp factory	Banks, Iain	
Risastóri krókódíllinn	Dahl, Roald	Sólveig Sif Hreiðarsdóttir
Umskiptingar	Sandemo, Margit	Snjólaug Bragadóttir
Húsið okkar brennur : baráttusaga Gretu og fjölskyldunnar	Ernman, Malena	Eyrún Edda Hjörleifsdóttir
Meðleigjandinn	O'Leary, Beth	Halla Sverrisdóttir
Kepler62 : fjórða bók : Landnemarnir	Sortland, Björn	Erla E. Völudóttir
Stórt og smátt um bænina	Mayfield, Sue	Hreinn S. Hákonarson
Eins og fólk er flest	Rooney, Sally, 1991-	Bjarni Jónsson
Svört perla	Marklund, Liza	Friðrika Benónýsdóttir
An Eagle in the Snow	Morpurgo, Michael	
Sú sem varð að deyja	Lagercrantz, David	Halla Kjartansdóttir
Squirm	Hiaasen, Carl	

Sapiens : mannkynssaga í stuttu máli	Harari, Yuval Noah	Magnea J. Matthíasdóttir
Móðir	Palomas, Alejandro	Sigrún Á. Eiríksdóttir
Nirliit = Gæsinar	Léveillé-Trudel, Juliana	Jóhanna Björk Guðjónsdóttir
Lífið heldur áfram	Li, Winnie M.	Herdís M. Hübner
Danskennarinn snýr aftur	Mankell, Henning	Þórdís Gísladóttir
Silfurvegurinn	Jackson, Stine	Friðrika Benónýs
Ætíðarþjófurinn	Barker, Clive	Jón Trausti Kárason
Síðasta stúlkan	Murad, Nadia	Herdís Magnea Hübner
Kona í hvarfpunkti	Saadawi, Nawal El	Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Dans við dreka - seinni hluti	Martin, George R. R.	Elín Guðmundsdóttir
Náttsvartar rósir	Sandemo, Margit	Snjólaug Bragadóttir
Stóri maðurinn	Locke, Phoebe	Árni Óskarsson
Á hálum ís	Bates, Quentin	Jón Þ. Þór
1793	Natt och Dag, Niklas	Hilmar Hilmarsson
Engin málamiðlun	Child, Lee	Ragna Sigurðardóttir
Olga	Schlink, Bernhard	Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Heima	Robinson, Marilynne	Karl Sigurbjörnsson
Dans við dreka - fyrri hluti	Martin, George R. R.	Elín Guðmundsdóttir
Hamingjustundir Dinnu	Lagercrantz, Rose	Guðrún Hannesdóttir
Sumareldhús Flóru	Colgan, Jenny	Ingunn Snædal
Blómamánamorðin : Olía, auður og upphaf FBI	Grann, David	Herdís M. Hübner
Trans barnið : handbók fyrir fjölskyldur og fagfólk	Brill, Stephanie	Trausti Steinsson
Handbók fyrir ofurhetjur. Fjórði hluti, Vargarnir koma	Våhlund, Elias	Ingunn Snædal
Vonum það besta	Setterwall, Carolina	Halla Kjartansdóttir
Sunna af Ísfólkinu	Sandemo, Margit	Snjólaug Bragadóttir
Handbók fyrir ofurhetjur. Þriðji hluti, Alein	Våhlund, Elias	Ingunn Snædal
Handbók fyrir ofurhetjur. Annar hluti, Rauða gríman	Våhlund, Elias	Ingunn Snædal

Handbók fyrir ofurhetjur. Fyrsti hluti, Handbókin	Våhlund, Elias	Ingunn Snædal
Aladdín og töfrateppið : og aðrar ævintýrahugleiðslur fyrir börn	Viegas, Marneta	Árný Ingvarsdóttir
Til hinstu stundar : einkaritari Hitlers segir frá	Junge, Traudl	Arthúr Björgvin Bollason
Ísköld augnablik : tíu sögur úr skerjagarðinum	Sten, Viveca	Elín Guðmundsdóttir
Hagfræði í hnotskurn	Hazlitt, Henry	Haraldur Johannessen
Blá	Lunde, Maja	Ingunn Ásdísardóttir
Hvísl hrafna : 2. bók	Sølvsten, Malene	Þórdís Bachmann
Seiðmenn hins forna	Cowell, Cressida	Jón St. Kristjánsson
Uppvakningurinn	Larsson, Ása	Sigurður Þór Salvarsson
Kettlingurinn sem enginn vildi eiga	Webb, Holly	Ívar Gissurarson
Hernaðarlistin	Tzu, Sun	Brynjar Arnarson
Þakkarskuld	Bonde, Golnaz Hashemzadeh	Páll Valsson
Englar	Keyes, Marian	Sigurlaug Gunnarsdóttir
Uppljóstrarinn	Fjell, Jan-Erik	Herdís M. Hübner
Glæpur við fæðingu : sögur af Suður-Afrískri æsku	Noah, Trevor	Helga Soffía Einarsdóttir
Ráðgátan Henri Pick	Foenkinos, David	Yrsa Þórðardóttir
Bönd	Starnone, Domenico	Halla Kjartansdóttir
Jörundur hundadagakonungur : ævisaga	Bakewell, Sarah	Björn Jónsson
Gestir utan úr geimnum : sannar frásagnir af fljúgandi furðuhlutum	Dennett, Preston	Helgi Grímsson
Bjargfæri	Schweblin, Samanta	Jón Hallur Stefánsson
Múttan	Cayre, Hannelore	Hrafnhildur Guðmundsdóttir
Meira	Günday, Hakan	Friðrik Rafnsson
Kastaníumaðurinn	Sveistrup, Søren	Ragna Sigurðardóttir
Lasarus	Kepler, Lars	Eyrún Edda Hjörleifsdóttir
Hin ósýnilegu	Jacobsen, Roy	Jón St. Kristjánsson

Gullbúrið	Läckberg, Camilla	Sigurður Þór Salvarsson
Moldrok	Kallentoft, Mons	Jón Þ. Þór
Rauður maður/svartur maður	Leine, Kim	Jón Hallur Stefánsson
Bíóráðgátan	Widmark, Martin	Íris Baldursdóttir
Fahrenheit 451	Bradbury, Ray	Þórdís Bachmann
Þetta breytir öllu : kapítalisminn gegn loftslaginu	Klein, Naomi	Jóhannes Ólafsson
Hlébarðinn	Lampedusa, Giuseppe di	Tómas Guðmundsson
Baldursbrár	Ohlsson, Kristina	Jón Daníelsson
Smásögur heimsins : Asía og Eyjaálfa	Jón Karl Helgason	Rúnar Helgi Vignisson
Uppljómanir & Árstíð í helvíti	Rimbaud, Arthur	Sigurður Pálsson
Bold fjölskyldan	Clary, Julian	Magnús Jökull Sigurjónsson
Forargata Reykjavík	Sólveig Eggerz	Elín Guðmundsdóttir
Blóðhefnd	Marsons, Angela	Ingunn Snædal
Dóttir Mýrarkónsins	Dionne, Karen	Ragna Sigurðardóttir
Villinorn : Blóð Viridíönu	Kaaberbøl, Lene	Jón St. Kristjánsson
Lukkuriddarinn	Fjell, Jan-Erik	Atli Steinn Guðmundsson
Ropandi Rúna	Rosen, Michael	Jakob F. Ásgeirsson
Luktar dyr	Sjöwall, Maj	Ólafur Jónsson
Hylðýpið	Sten, Viveca	Elín Guðmundsdóttir
Uppeldisbókin : Að byggja upp færni til framtíðar	Christophersen, Edward R.	Gyða Haraldsdóttir
Skúli skelfir og múmían	Simon, Francesca	Guðni Kolbeinsson
Skúli skelfir - Risaeðlur	Simon, Francesca	Guðni Kolbeinsson
Heltekin	Berry, Flynn	Hermann Stefánsson
Hefndargyðjan	Blædel, Sara	Árni Óskarsson
Þar sem ekkert ógnar þér	Vlugt, Simone van der	Ragna Sigurðardóttir
Meistarinn og Margaríta	Búlgakov, Mikhaíl	Ingibjörg Haraldsdóttir
Húðflúrarinn í Auschwitz	Morris, Heather	Ólöf Pétursdóttir
Mín sök	Mackintosh, Clare	Eyrún Edda Hjörleifsdóttir
Húsasmíði : Timburhús	Frøstrup, Anders	Hallgrímur Guðmundsson
Skelfing	Sandemo, Margit	Snjólaug Bragadóttir
Nornin	Sandemo, Margit	Snjólaug Bragadóttir

Linda og lundinn : Stormasamur dagur	Colgan, Jenny	Huginn Þór Grétarsson
Markmaðurinn og hafið	Parr, Maria	Sigurður Helgason
Laun dyggðarinnar	Söderholm, Margit	Skúli Jenson
Hin órólegu	Ullman, Linn	Ingibjörg Eyþórsdóttir
Tvöfaldar tjónabætur	Cain, James M.	Þórdís Bachmann
Sunnan við mærin, vestur af sól	Murakami, Haruki	Uggi Jónsson
Roðabein	Cleeves, Ann	Snjólaug Bragadóttir
Gliturströnd	Banks, Rosie	Arndís Þórarinsdóttir
Sakfelling : Forboðnar sögur frá Norður-Kóreu	Bandi (dulnefni)	Ingunn Ásdísardóttir
Ótrúleg saga um risastóra peru	Strid, Jakob Martin	Jón St. Kristjánsson
Málningarvinna innanhúss	Gundersen, Asbjörn	Rögvaldur Gíslason
Töfrafjallið	Banks, Rosie	Arndís Þórarinsdóttir
Eldraunin	Horst, Jørn Lier	Ingunn Snædal
Homo sapína	Korneliussen, Niviaq	Heiðrún Ólafsdóttir
Kepler62 : þriðja bók : Ferðalagið	Parvela, Timo	Erla E. Völudóttir
Kepler62 : önnur bók : Niðurtalningin	Parvela, Timo	Erla E. Völudóttir
Kepler62 : fyrsta bók : Kallið	Parvela, Timo	Erla E. Völudóttir
Alein	Clark, Mary Higgins	Pétur Gissurason
Brandarar handa byssumönnum	Maarouf, Mazen	Uggi Jónsson
Etýður í snjó	Tawada, Yoko	Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Að vetrarlagi	Allende, Isabel	Sigrún Á. Eiríksdóttir
Að sjá illa en líða vel	Inde, Krister	Sigrún Bessadóttir
Létta leiðin til að hætta reykingum	Carr, Allen	Aldís Baldvinsdóttir
Smart	Slater, Kim	
Draumahöllin	Forsberg, Bodil	Skúli Jenson
Villimærin fagra	Pullman, Philip	Guðni Kolbeinsson
Sagnaseiður	Magnusson, Sally	Urður Snædal 1981